

Fimm styrkir frá Safnaráði

Listasafnið á Akureyri hlaut fimm styrki frá Safnaráði fyrir árið 2021, samtals að upphæð 6 milljónir króna.

Verkefni sem hlutu styrk eru:

- Sýningin *Ferðagarpurinn Erró / Erró The Traveller* með sérstaka áherslu á safnfræðslu fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla og nemendur framhaldsskóla.
- Sýningin *Takamarkanir*, samsýning norðlenskra listamanna.
- Sýningin *Undirheimar Akureyrar*, nýtt verk eftir Ragnar Kjartansson.
- *Tákn og sjónræn ljóðlist*, málþing í tengslum við sýningu á verkum Ann Noël.
- *Varsla og viðhald safneignar*, lagfæringar á verkum og forvarsla.

Þessir styrkir munu nýtast vel í miðlun sýninga, í safnkennslu og við varðveislu listaverka.

Með bestu kveðjum,
Hlynur Hallsson